

Nr. 1016

10. nóvember 2017

AUGLÝSING um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir PCC BakkiSilicon hf., kt. 450612-0140, til reksturs kísilverksmiðju á iðnaðarsvæðinu á Bakka í Norðurþingi.

Heimilt er að framleiða í fjórum ljósþogaofnum allt að 66.000 tonnum á ári af hrákisli og allt að 27.000 tonnum af kísildufti/kísilryki og 6.000 tonnum af málkleif og gjalli og 1.500 tonnum af forskiljuryki. Rekstraraðila er heimilt að starfrækja verkstæði og aðra þjónustu sem heyrir beint undir starfsemina.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 8. nóvember 2033.

Umhverfisstofnun, 10. nóvember 2017.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.

Sigrún Ágústsdóttir sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2017